

Nd. 1124. Frumvarp til laga [514. mál]

um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku eða Namibíu. Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka eða Namibía.

2. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. ef mannúðarástæður mæla með því.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi þegar sakir eru miklar.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað fyrir 1. janúar 1989 enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þessara laga.